



Reykjavík, 27. febrúar 2024

MSS24020113

Borgarráð

Heiðursgestir á menningarnótt 2024

Lagt er til að borgarráð samþykki að Grindavíkurbær verði heiðursgestur menningarnætur í Reykjavík 2024 í tilefni af vinatengslum bæjarfélaganna og 50 ára kaupstaðarafmælis Grindavíkurbæjar í ár.

Menningarnótt er afmælishátíð Reykjavíkurborgar, hátíðin er alltaf haldin fyrsta laugardag eftir 18. ágúst en þann dag 1786 fékk Reykjavíkurborg kaupstaðarréttindi. Menningarnótt var haldin í fyrsta sinn árið 1996 og hefur frá upphafi skipað mikilvægan sess í viðburðahaldi í borginni þar sem listafólk, íbúar og rekstraraðilar fá tækifæri til að bjóða til veislu í miðborginni. Um árabíl hefur tíðkast að bjóða völdum sveitarfélögum að vera heiðursgestur á Menningarnótt og er sannur heiður að bjóða Grindavíkurbæ sem heiðursgesti 2024.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri